



Reykjavík 14. október 2021

Niðurstaða athugunar á fyrirkomulagi útvistunar hjá Eftirlaunasjóði FÍA

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf vettvangsathugun hjá Eftirlaunasjóði FÍA (EFÍA) í mars 2021.

Markmiðið var tvíþætt; annars vegar að kanna fyrirkomulag útvistunar og eftirlit EFÍA með útvistun og hins vegar hvernig eftirliti sjóðsins með rekstraráhættu hjá útvistunaraðila væri háttað, sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá var í athuguninni einnig byggt á viðeigandi ákvæðum reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Niðurstaða lá fyrir í september 2021. Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var við athugunina gerði Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við lífeyrissjóðinn:

- Lífeyrissjóðurinn hafði ekki með fullnægjandi hætti greint og metið hugsanlega hagsmunaárekstra vegna útvistunar á innri endurskoðun lífeyrissjóðsins til rekstraraðila hans, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997.
- Skriflegir verkferlar vegna tilkynninga á frávikum í rekstri upplýsingakerfis lífeyrissjóðsins voru ekki til staðar á þeim tíma sem athugunin var framkvæmd, sbr. 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 og 46. tölul. leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019. Lífeyrissjóðurinn hefur brugðist við og Fjármálaeftirlitið telur að úrbótum sé lokið.
- Ekki var talið samrýmast 108. gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins sæti alla fundi endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðsins frá upphafi til enda.